

TÓNLIST Í AUGUM VÉLA

Dráinn Hjálmarsson

Pistill sem saminn var fyrir útvarpsþáttinn Víðsjá á Rás 1 haustið 2022.

„Konsertinn fyrir 16000 trompeta byrjar á þríhljómunum tveimur sem leika líflegan og lýrískan dans, þar á eftir fylgir hraður og gáskafullur konsert fyrir trompet. Hornið verður síðan mjög atorkusamt í látlausum sólóum fyrir fjögur ólík hljóðfæri, loks kemur að lokasólói fyrir horn, sem er stutt, áköf æfing. Öllu þessu lýkur með því að tónlistin rís og í miðju lokasólóinu grípur ungur tenór fram í fyrir og leikur afar gott tenórsóló.“

Hér mátti heyra þýðingu á stuttu textabroti úr verki tvíeykisins inHail, sem skipað er tónskáldunum Luke Dean og Ragnari Arna Ólafssyni. Það var vélnámslíkanið GPT-Neo sem útbjó textann eftir skipanakvaðningu tvíeykisins. Þeir Luke og Ragnar Árni eru í hópi fjölmargra listamanna sem hafa síðustu misseri kannað nýtingu vélnámslíkana í listsköpunarferli sínu, en aðgengi að þessari tækni og þekking á henni fyrir leikendur hefur stórauðist að undanförunu. Nýting þessarar nýju tækni vekur upp fjölmargar áhugaverðar og áleitir spurningar, á borð við lokamynd listaverksins, höfundur þess og birtingarmynd mennskunnar í listum.

Vélnámslíkön eru ein fjölmargra leiða til þess að ljá tölvum það sem kallað hefur verið gervigreind. Þessi tiltekna aðferð, það er vélnám, byggir á fræðilegum grunni stærðfræði, tölfræði og taugalífrræði, þar sem tölvan kannar tengsl og líkindi innan viðamikils gagnasafns og út frá þeim dregur hún ályktanir um hegðun og munstur innan gagnasafnsins. Gagnasafnið getur verið á hvaða stafræna formi sem er, hvort heldur sem texti, hljóð, myndbönd, myndir eða annað. En bæði samsetning gagnasafnsins og hvernig tölvan kannar tengsl innan safnsins hefur mótandi áhrif á útkomuna. Ekki ósvipað hvernig okkar ólíku reynslur og upplifanir hafa áhrif á hegðun okkar og ákvarðanatökur í hinu daglega lífi. Einnig mætti líkja gagnasöfnum við borg og vélnámið við göngu okkar um staðinn, þar sem við reynum eftir fremsta megni að átta okkur á bæjarlífinu og menningu staðarins út frá því sem við sjáum á göngu okkar um borgina.

Fyrir þá sem vilja kafa á dýptina í þessum efnum og sem dæmi gera sín eigin vélnámslíkön þarf að leita skilnings á dágóðum fjölda hugtaka sem ekki verða gerð skil hér. En vert er að benda á að sækja má rúmlega 30 klukkustunda gjaldfrjálst námskeið um gervigreind á íslensku, í gegnum vefsíðuna elementsofai.is, en námskeiðið var þróað af Háskólanum í Helsinki.

Áhrif nýtingu vélnámslíkana í listum eru enn að koma í ljós en sennilega, líkt og með alla tækniþróun innan listanna, mun ný tækni hafa áhrif á störf þeirra sem starfa við hagnýta listsköpun. Í tilfelli samtímans væri það tónlistarsköpun fyrir kvikmyndaframleiðslu, efnisveitur sem og tölvuleiki, þar sem markaður er fyrir þróun viðmóta sem gætu sparað framleiðslukostnað. Við getum jafnvel séð þetta út frá sögu portrait mynda. Þegar ljósmyndavélin ryður sér til rúms hafði hún bein áhrif á eftirspurn eftir málurum portraitmynda, en einnig fylgdi í för ófyrirséð áhrif þar sem aðgengi fólks að myndum breytti viðhorfi fólks til hins sjónræna heims. Svo að það er ómögulegt að segja til um hvort áhrifin séu neikvæð í heildina.

Hugmyndin um höfundarétt er eitt af þeim spennandi og áleitu spurningum sem spretta fram í tengslum við nýtingu vélnáms í listum. Kanadíska tónskáldið Holly Herndon hefur gert stafrænt mót af sinni eigin rödd sem aðgengilegt er í opnum aðgangi í gegnum heimasíðuna holly.plus. Þar má hlæða upp stafrænu hljóðskjali þar sem vélnámslíkan umbreytir skjalinu svo að hljóðið taki á sig hljómblað raddar Hollyar. Hugmynd Hollyar er að bjóða opinn aðgang að sinni eigin rödd en vélnámslíkanið mun síðar meir verða í eigu DAO stofnunarinnar sem mun halda utanum eignarrétt vélnámslíkansins í framtíðinni og þannig varðveita rödd Hollyar.

Drátt fyrir allar þessar sviptingar sem orðið hafa og eru framundan, virðist þó lítið bóla á því að tækni framfarir ógni tilvist eða gjaldfelli þá list sem ofin er úr samfélagslegum venslum og tala beint til samtímans. Það er að segja sú list sem byggir á sambandi listamanns við áheyrendur, umhverfi sitt og samtíma.

Fyrirnefndur Ragnar Árni Ólafsson hefur allt frá árinu 2018 starfað fyrir írska tónskáldið Jennifer Walshe að verkefni hennar, *The Text Score Dataset 1.0*. Þar sem ætlunin er að fá vélnámslíkön til þess að útbúa sína eigin list í formi svokallaðra textaskora. Textaskor eru sín eigin grein innan samtímatónlistar og dansa á mörkum ljóðlistar, leikhúss og tónlistar, þar sem texti dregur upp myndir af upplifunum sem geta verið allt frá hinu smæsta og mögulega í framkvæmd og yfir í hið ómögulega og óraunsæja.

Tæknileg hlið verkefnisins snýr að því að útbúa viðamikið gagnasafn textaskora sem nýtist til enn frekari þjálfunar á því sem kallast innan fagsins textaleg tungumálalíkön, það er vélnámslíkön sem þekkja til og skilja skrifaða texta. Ragnar Árni hefur haft umsjón með gerð gagnasafns sem inniheldur öll þau textaskor sem þau hafa komist yfir og í dag telur safnið um 3.000 textaskor sem spanna tímabil allt frá miðri 20. öld og til dagsins í dag.

Fyrsta formlega útkoman úr verkefni þess var í formi bókar sem kom út árið 2021 og er aðgengileg á heimasíðu Jennifers. Útgáfan inniheldur fjölda textaskora sem hin ólíku vélnámslíkön hafa skapað eftir að hafa fengið að kynna öllum þeim fyrirlögðu textaskorum úr gagnasafninu. Hefur Jennifer þar valið verk sem vakið hafa áhuga hennar og forvitni. Við lesturinn spretta fram ólíkar hugleiðingar hvað varðar tónlistararfleiðfina, hvernig list sprettur af annarri list, höfundaleysið, hvað telst til sögunnar, eignaréttinn á sögunni og um nærveru mennskunnar í listum. Jennifer nálgast útkomuna á gáskafullan hátt, þar sem rökleysur í sumum textunum afhjúpa ómennskuna að baki og er það alls óvíst hvort sagan skrifi sig sjálf eða hvort það sé vélin sem talar við okkur. Drátt fyrir að verkefnið spretti fram af forvitni fyrir nýrri tækni, þá er útgangspunktur Jennifers og umfjöllunarefni verksins um söguna, um hvernig við upplifum list út frá höfundum, hvernig við leitum ávallt að næstu mennsku rödd.

Hér hljóðar, með góðfúslegu leyfi Jennifer, þýðing mín á stuttu textaskori úr útgáfunni.

„Farðu í göngutúr í snjónum og safnaðu smágerðum sólsteinum. Á heimili eða á hljóðum stað í myrkri, syngdu þá aftur í sín fyrri hljóð.“